

Ed.

366. Nefndarálit

[112. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur að nýju haft frv. þetta til athugunar, en varð ekki sam-
mála um afgreiðslu þess. Í desembermánuði s. l. sendi nefndin frv. landbúnaðarráðu-

neytinu til umsagnar. Þar sem umsögn ráðuneytisins hefur enn ekki borizt til nefndarinnar, lítum við svo á, sem stöndum að þessu nefndaráli, að afstaða ráðuneytisins til frv. sé óbreytt frá því, sem fram kemur í umsögn þess, dags. 27. nóv. 1967, og ráðuneytið hefur vitnað til síðan, þegar óskað hefur verið eftir áli þess um frv. Umsögn ráðuneytisins er prentuð sér sem fylgiskjal.

Minni hluti landbúnaðarnefndar telur svo þung rök mæla gegn því, að sú jörð, sem þetta frv. tekur til, verði seld, að undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 24. febr. 1972.

Steinþór Gestsson, Jón Árnason. Jón Árm. Héðinsson.
frsm.

Fylgiskjal.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 27. nóvember 1967.

Ráðuneytinu hefur borizt til umsagnar frumvarp til laga um sölu ríkisjarðarinnar Holts í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Ríkissjóður Íslands keypti jörðina Holt í Dyrhólahreppi árið 1936 fyrir þá sök, að talið var, að jörðin yrði fyrir spjöllum af vatni við það, að 2 ám, Hafursá og Klifanda, var veitt saman.

Sú mun ekki hafa orðið raunin, en sérfróðir menn vilja ekki útiloka þann möguleika, að slíkt geti enn átt sér stað.

Árið 1947 lagðist niður ábúð á Holti, og fluttist Jóhanna Sæmundsdóttir þá ásamt fólki sínu að Nikhól í sömu sveit.

Um 7 km munu vera milli jarða þessara.

Holt hefur síðan verið nytjað frá Nikhól og á síðasta ári eingöngu nytjað til beitar af syni Jóhönnu, sem er bóndinn á Nikhól. Jóhanna mun nú komin á áttræðisaldur.

Jörðin Holt á land samliggjandi að ríkisjörðunum Felli að vestan og Álftagróf að norðan og austan. Afréttarland jarða þessara er sameiginlegt, og ekki er talið gerlegt að skilja það að með girðingu.

Það orkar ekki tvímælis, að eðlilegasta nýting Holts er tengd búrekstri á Felli og Álftagróf.

Sala jarðarinnar gæti á margan hátt orðið til óhagræðis við búrekstur á þessum jörðum, sem eins og áður segir eru báðar ríkiseign.

Ráðuneytinu hefur borizt bréf frá ábúanda Álftagrófar, Tómasi Lárussyni, dags. 2. nóv. s. l., þar segir m. a.: „Heiðalönd og heimahagar jarðanna Álftagrófar og Holts eru sameiginleg og óskipt, og má segja, að óframkvæmanlegt sé að skilja lönd jarðanna að með girðingu.“

Á það skal bent, að vestan megin við Holt er jörðin Fell, sem einnig er í ríkiseign, og enda þótt skipt land sé milli jarðanna Fells og Holts, þá gengur búsmali þessara jarða og Álftagrófar saman.

Með sölu jarðarinnar Holts er því verið að reka eins konar „fleyg“ á milli 2ja ríkisjarða.“

Í bréfi Tómasar, sem búið hefur í Álftagróf í 35 ár, koma fram alvarlegar áhyggjur af því óhagræði, sem búrekstur á Álftagróf yrði fyrir við sölu á Holti. Mælir hann eindregið gegn sölunni og lætur að því liggja, að hann muni hætta búskap í Álftagróf, verði af sölu Holts, en það þýddi, að ríkissjóður yrði að kaupa eignir Tómasar í mannvirkjum, sem eru miklar.

Aðalfundi sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu í júlímánuði síðastliðnum harst beiðni frá Jóhönnu Sæmundsdóttur um, að sýslunefndin mælti með sölu Holts.

Niðurstaða varð sú, að allsherjarnefnd lagði til, að sýslunefndin léti málið afskiptalaust.

Endurrit úr gerðabók sýslunefndar fylgir bréfi þessu.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, verður að telja það andstætt hagsmunum ríkisins að selja Holt í Dyrhólahreppi, og leggur jarðeignadeildin til, að lagaheimild til þess verði ekki veitt.

F. h. r.

Sveinbj. Dagfinnsson.

Til neðri deildar Alþingis.